

MYRTLE

Eftir CHARLES GARVICE

Sigmundur M. Long, þýddi.

Niðurlag.

Launungarmálið um Brian og Myrtle var nú gert heyrum kunnugt, og vinnufólkið á verkstæðinu, konur sem karlar, glöddust innilega yfir því að endurfinna nú Robert Aden sem Cravenstone lávarð, og að sjá að unga konan hans fallega var ein af stúlkunum sem unnið hafði á verkstæðinu. Fólkið þyrptist í kringum hana, til að fá að sjá hana áleigdar, eða heyra hana segja eitthvað, og það talaði með tilbeislukendri virðingu um konuna sem hafði breytt Halifordsverkstæðinu úr þrælastöð í verksmiðju, þar sem vinnan var borguð af fylstu sanngirni. Myrtle og Brian stóðu saman í hinni stóru forstofu, en altarfurðu fleiri og fleiri í kringum þau. Fagnaðarópin var búð að endurtaka mörgum sinnum, en nú stóðu allir þegjandi, eins og þeir væntu eftir ávarpi frá þeim, sem fólkið hafði lært að virða, sem sína innilegu vini og verndara.

"Þú verður að tala við þau, Brian," sagði Myrtle lágt, með tárin í augunum, en Brian, þessi nafnkefði mælskumaður, var ef til vill í fyrsta kifti á æfinni hikandi, hvernig hann ætti að byrja. Lokstók hann í hendina á Myrtle og sagði með viðkvæmum róm:

"Góðu vinir! Þið vitið að mér og konu minni er það sannarlegt ánægjufni, að sjá ykkur hér dag, og þið vitið, að þegar ég segi "vinir mínir", þá er það alvara. Guð hefir verið góður við okkur hjónin; það gerir minna til að maður nær farsælu takmarki, eftir margar þrautir; það aðeins gerir mann enn þakklátari og sælli. Eg veit að ykkur þykir vænt um að vera ásamt okkur hér í dag. Sumt af ykkur hefir sagt að ykkur þykir vænt um endurbæturnar, sem hafa verið gerðar á verkstæðinu. Eg á þar engan hlut að máli, en er ánægja að láta ykkur vita, að það er að öllu leyti verk konunnar; hún verðskuldar heiður og þakklæti fyrir það."

Kona nokkur hrópaði: "Það var hjartagæzka hennar sem knúði hana til þess."

"Þetta var vel sagt, svona hefði ég átt að komast að orði," sagði Brian, "og eg ætla að bæta því við, að eins og hún hefir byrjað á þessum endurbótum, eins mun hún halda þeim áfram, og samþykki eg alt sem hún vill vera láta í því efni. Fyrir nokkrum árum hafði ég eitthvað líkt í huga, en eg var verkstæðinu ekki eins vel kunnugur og hún er."

"Hún hefir sjálf unnið þar, og guð blessi hana," sagði einhver. "Hún hefir verið ein í okkar hóp, og því gleymir hún ekki."

"Já, hún hefir unnið þar, og það þykir henni vænt um; við það fékk hún tækifæri til að skilja ykkur, og hún miklast af því að hafa verið verkstæðistúlka hjá Halifords; engum þarf að þykja minnst að þó hún hafi unnið heiðarlegt verk. Já, við hjónin þökkjum verksmiðjuna og vinnufólkið, og við megum ekki vera eins og framandi hvent gagn vart öðru. Öll höfum við okkar lífsupplifing af verkstæðinni og ættum því að vera samhuga um að gera hana sem allra fullkomnasta og sem mest arðberandi. Sumir verksmiðjueigendur nefna hana göðgerðarstofnun, en herra Outram, vinur minn, er miklu færari en eg til að gera ykkur það skiljanlegt að rekstur verksmiðjunnar fer fram eftir fastákvæðnum reglum — og með því augnamiði að þar sé viss tekjuafgangur, sem svo skiptist á milli ykkar og okkar, svo þið getið álitit ykkur sem hluthafa verksmiðjunnar, og því sem þar er framleitt. Framan af þeim tíma, sem hin ástæða kona mín tók við umsjón verkstæðisins, var það ekki ánand en stórkostleg vel, sem haugaði saman þingum handa eigendur sínum. Enginn af verkafólkinu hafði neitt gott af henni, og því miður, voru eflaust margir sem hötuðu hana. En nú er þessu öllu breytt til batnaðar. Halifordsverksmiðjan er nú ykkar jafnmikið og okkar, og eg vona að henni verði vel stjórnað."

Fagnaðarópin hljómuðu hástöfum, og sumt af kvenfólkinu grét af gleði; það sem Myrtle hafði gert, var enn þýðingarmeira fyrir þær en fyrir mennina. Hún hafði ekki aðeins hugsað um nútímann, — heldur jafnframt annast um að börnin þeirra skyldu fá gott upplifing eins og kostur væri á.

"Og nú held eg að komið sé nóg af þessu," sagði Brian. "Eg er orðinn svangur — og eg veit að þið eruð það öll líka. — Farið því inn og fáið ykkur að borða."

Fólkið byrjaði að fara inn, en þá var þar einn af hinum eldri karlmönnum er steig upp á stól og kallaði: "Þrisvar sínum húrta fyrir ungu hjónunum; guð blessi þau."

Mannfjöldinn, sem var á hreygingu, stánarði á ný, því indell hljóðfærsláttur barst að eyrum þeirra. Það var Minnie. Tedd hafði leitt hana að orgelinu, og hún byrjaði að spila. — Það varð augnablikskyrð, en svo tóku menn undir hinn gamla hátíðlega sál, sem Minnie spilaði.

Hérumbil þremur mánuðum seinna fékk Brian heimsókn af Dornleigh lávarði; hann var fyrirmannlegri en hann hafði nokkurtíma áður verið; honum

var fylgt inn í dagstofuna, þar sem þau voru Brian og Myrtle, frá Raymond og Clara, á ráðstefnu um verksmiðjuna.

Brian gekk á móti gestinum. "Eg geri ykkur vist ónæði?" sagði Dornleigh með sitt góðmannlega en fremur unggæðislega brosi.

"Eg tel vist að það séu fleiri en eg sem þér hafið ætlað að tala við?" sagði Brian. "Eg efa að þér þekkið konuna mína."

"Því miður þekki eg hana ekki," sagði Dornleigh lávarður, og tók í hendina á Myrtle, "en eg hefi heyrt Purfleet lávarð tala mikið um lafði Cravenstone, og mér er það mikil ánægja að kynnast yður persónulega. — Eg kom hingað sérstaklega til að láta ykkur vita, að eg er trúlofaður lafði Vivian og eg vissi að gæfa mín mundi gleðja ykkur. Eg skyldi nýlega við hana í Róm. — Það er nú merkileg borg — og þar ætlum við að giftast. Er oflangt fyrir yður að koma þangað?"

"Já, eg er hræddur um að svo sé," sagði Brian. "En það er ekki svo langt að vorar hamingjuóskir nái ekki þangað, og þær vitið þér að við sendum af einleugu hjarta."

— ENDIR —

Önyttjungurinn.

Eftir FRANK I. KLARKE.

Í landgeiminum öllum milli Winnipeg-vatns og Klettafjalla og Missouri-hæða og Saskatchewan-fljótsins nyrðra var hvergi það bygt býli, hvorki tjaldbúð eða kofi úr bjálkum, að nafn Louis Lachance ekki hefði þegilegar endurminningar í för með sér. Ef á þessu var nokkur undantekning, var hún fölginn í því, að einstakir menn höfðu slæðst í héruðin síðar, eða væru þeir fyrir, sem þá höfðu aldrei dansað og leikið á löngu vetrarkvöldi eftir hljóðstignu í fjölunni hans, og sem aldrei höfðu setið sem þrumulostnir og hlustað á er hann söng gömul og góð þjóðkvæði frá Frakklandi hinu fagra, eða sem aldrei höfðu velst um af hlátri, er hann sat við glóandi langeldinn, undir beru lofti, í tjaldbúðinni, eða í vetursku-skalanum, og sagði eina söguna annari hlægilegri.

En Louis var "un vaurien", = ekki til neins. Það víðurkendu enda þeir, sem mest þótti í hann varið. Sem umrenningur var hann öllum umrenningur víðforlari. Hann eiðði hvergi degi lengur, en var hér í dag en á hinum staðnum á morgun. Hann rak verzlun fyrir eign hönd, hann var í sendiferðum, hann "keyrði" hunda, hann stundaði fiskiveiðar, hann var á dyraveiðum, hann flutti vörur, og í einu orði, hann gerði alt sem fyrir hendu var, sitt í hvert skiftið. Hann var hinn handlagasti og þá raf leiðandi hinn ákjósanlegasti maður til smávika við tjaldbúðir. Jafn æskilegt var að hafa hann með sér á skóggöngu, á sjóferðum í birkibátum, eða seglbátum, eða við hversdagastörf á stéttunum heim. Á hann var alstærar nýtleger og skemtileger, — bara hefði hann haft ögn af staðfestu. Hann kunnir manna bezt að hleypa gæðingi á sléttunni, hann kunnir manna bezt að fara með sleðahunda, og fylgdarmann gat enginn maður fengið betri. Það var fára meðferi að ráðast á hann í peningaspili og einskis að jafnast á við hann sem eftirherma, eða sögumaður. Hann lék manna bezt á fíðlu og þegar svo stóð á, gat hann gjarnan verið með að taka sér staup. Að öllu samtöldu var þessi einkennilegi náungi hinn ákjósanlegasti félagsmaður, því þó hann hefði nokkra galla, voru kostir hans miklu fleiri og meiri. Þegar karlmennirnir voru svo langt í burtu, að hann náði ekki að hrífa þá með gásku sínum og óupphugsanlegri kátinu, gerðu þeir gís að honum og þóttust fyrirliða hann. Konurnar ávátuðu hann og hældu honum á víxl, ungu stúlkurnar skotruðu til hans hýrum augum og dádust að honum — í laumi, og börnin dyrkðu hann alstaðar og æfinlega. Það er sannast, að mörg loford átti hann óefnd og mörg skylduverk, sem hann hafði gleymt að leysa af hendi. Samt hafði hann aldrei orðið sér til minunar, aldrei gert sig sekan í að segja ósatt til skaða og aldrei tekið annara eign í ieyfisleysi, aldrei hnúpaði, — aldrei gert nokkuð það er blekti mannorð hans. Þó kom sá tími að veslings Louis Lachance varð fyrir illilegri sneypu og misti alt álit sitt.

Hann hafði gengið í flokk veiðimanna, sem á hverju hausti lögðu á sléttuna vestur frá Ráðá, til að herja á vísunda-lhjarðirnar í þeim tilgangi bæði að afla sér kjótmatar til vetrarins og verðmiklir verzlunarvörur, þar sem voru vísunda-feldirnir. Veiðimannaflokkurinn sem Louis var með, var á fremsta stigi með að fá allar sínar óskir í því efni uppfylltar, þegar Louis varð það á, í stakasta hugsunarleysi, sem yfirgæfði svo stórkostlega allar aðrar yfirsjónir hans, að réttlát hegning hlaut að vera að sama skapi.

Lög þeirra kynblendinga-veiðimanna á sléttunum voru öll í einum báli og — þau voru hvergi færð í letur. En lög höfðu þeir eigi að síður, þó "þú skalt" og "skalt ekki" væru ekki margendurtekin og þó lögin væru ljós og auðskilin, að því er þýðing þeirra snerti. Lögmessum var líka stranglega framfylgt og átti hver sá harða hegningu vísa, og það umsvifalaust, sem í nokkru braut á móti

þessum órituðu lagaböðum. Eins og hvarvetna, réði tilverknaðurinn hegningunni. En fyrir þetta brotið, misti hinn seki veiðbeizli sitt, fyrir hitt hnakkinn og fyrir enn annað kápuna. Væri tilverknaðurinn stærri, var hýðing sjálfsgöð hegning og þætti það ónóg hegning, var hinn seki gerður flokksrækur. Það var stærsta og þýngsta hegningin. Tilverknaður Louis var svo stór, að hann heyrði undir hinn síðast-talda hegningarlagabálk.

Það var eitt kvöld, að undanreiðarmennirnir, njónsarnarir, færðu þá gleðfrétt heim að búðum, að framundan, í á að gízka þriggja stunda *) fjarlægð frá megin flokknum, væri geysimikil vísundahjörð. Það var tjaldað í snatri; útverðir skipaðir; menn gengu til hvílu og var ríkt á lagt við alla sem á ferli voru, að láta nú ekkert til sín heyra. Löngu fyrir dag morgunninn eftir, voru allir upp til handa og fóta. Það var glímuskjálfti í öllum, því nú skyldi ganga til víga og vinna þrekvirkni mikið áður söl rynni til víðar næsta dag. Þegjandi mótuðust menn, þegjandi tóku þeir hesta sína, beizluðu þá og sölluðu, þegjandi stigu þeir á bak og þögulir sem nóttin umhverfis þá dreifðu þeir sér í langar rastir til hægri og til vinstri og héldu af stað, rétt áður en dagur rann. Það var komið undir sólar-upprás, þegar fylkingin nam staðar á hæð einni, — einni af þessum óteljandi öldum á sléttendiinu. Framundan þeim blasti lægð mikil, eins og dalur og á þeirri grasgefnu lágsléttu var hin volduga vísundahjörð á beit og ugði ekkert um sig. Fyrir handan hylftina, eða dalinn, tóku við hæðarrastir nokkrar og voru nú efstu toppar þeirra famir að teygja sig upp í hið dýrðlega jöshaf morgunsólarinnar. Niðri í dalnum, yfir hann hver an og endilangan, breiddi sig hvítgrá móðuslæða og svall í titrandi, hljóðlausum, íagum bylgjum frá einni hæð til annarar. Móðan var svo þétt að hvergi sást í dalbotnin og hvergi mótaði fyrir hinum mikilfenglegu vísundum, sem þar stóðu svo þétt á beit. Veiðimennirnir sáu þess vegna ekki herfang sitt enn; en það var samt ekki um neitt að villast. Þeir heyrðu til hinna faxaprúðu villinauta, — heyrðu frísið, hið hunga þramm á harðri grundinni, drunurnar og öskrið.

Veiðimannaforinginn, Pierre Delorme, lyfti annari hendinni er honum þótti tími til kominn. Það var tákni sem allir skildu og án þess að mæla orð námu allir staðar og stugu af baki. Það vissu allir hvað þurfti að gera og tóku nú allir að búa sig undir hið ægilega áhlaup. Þeir hagræddu þóðurhornunum og sáu um að þau væru í stöðu. Þeir fyltu á sér muninn með byssukúlum, svo ekki stæði á þeim, athuguðu byssurnar, beizlin, hnakkana og gjardirnar og öll reiðfærin. Að öllum þessum umbúnaði loknum, stigu menn á bak aftur og biðu eftir framgönguorðinu: "Hó", frá foringjanum. Leit þá enginn af honum, því um leið og orðið hryti af vörum hans, þurftu allir að vera samtaka og hleypa á harðspreti í sönn, niður hæðina og á hina miklu villi-nauta hjörð. Rétt í þessu bar svo til að ari mikill kom fljúgandi og sveimaði með hæð og aftur og fram yfir hinni hvítgráu gufumóðu í hylftinni. Fyrir en nokkurn varði, hafði Louis lyft byssu sinni, miðað á arann og hleyppt af, og arinn hrapaði dauðskotinn til jarðar, — sökk í hið hvít-gráa gufuhaf. Skotdynkurinn hafði ekki fyr gæntekíð hið kyrra morgunloft, og færðirnar allar umhverfis hylftina voru kvikar orðnar af tryltum, beljandi, brunandi vísundum, sem flýðu nú æðisgengnir eitthvað út í geiminn. Hvar sem litit var niður í hylftina, saust hinir miklu skrokkar nautanna hefja sig upp úr gufuhafinu, eins og hvalir lyfta sér úr djúpinu á yfirborðsjávarins, og fara með brunandi ferð upp hæðirnar og hvarf fyrir þær, og svo var mikill fjöldinn og svo þungt var stigið til jarðar, að tók undir í titrandi harðvellingu. Veiðimennirnir biðu ekki eftir framgöngu-merkinu, en hleypu niður hæðina. En það var um seinan. Það sem eftir var af nautum til að svara sveðjum þeirra og byssukúlum, voru annaðveggja ungvíðin, sem ekki gátu hlaupið nógu hart, eða gömul naut og hölt og einstöku gripir sem slasast höfðu, — troðist undir fótum fjöldans í æðinu stjórnlauða að komast burtu — að bjarga lífinu.

Samvizkan sló veslings Louis undir eins og skotið var ríðið af. Hugsandi gekk hann þangað er arinn lá, tók hann og gekk niðurbæður heið að tjaldbúðum. Hann játaði glæp sinn umsvifalaust og án þess að bera fram nokkra afsökun og því síður lét hann í ljósi von um væð, eða fyrirgefning. Kvenfólkið og karlarnir heima í búðunum, ávátuðu hann og jusu hann og forfeður hans alla hrakryrðum, meðan þeim entist tunga til að koma með ný skammmaryrði og bölbæni, sem þar fuku í öllum myndum og á öllum tungumálum, er þetta fólk kunnir nokkurn graut í. Hinn hamingju-snaði ari, sem óafvitandi var orsök in í öllu þessu tjóni, var þrifinn og honum varpað á bál, — gerður að brenniförn, ef ske kynni að þá myktist geð veiðimanna. Svo mikill var ofsn í konum og körlunum, að Louis sjálfur hafði eins vist farið sömu förina og arnar-skrokkurinn, ef gætnir menn hefðu ekki verið í hópnun og tekið í taumana hjá þeim ofstekismestu.

"Fari hann bölvður, önyttjungurinn!" óskraði gamli Baptiste Charette, elzti maðurinn við búðirnar.

*) "Þriggja stunda fjarlægð" þýddi þriggja klukkustunda ferð þeirra, sem voru með farangur allan og fóru hægir en lausriðandi menn. Eftir að frumbyggjarnir námu stundatal, mældu þeir vegalengd þannig — áður á ýmsan hátt, t. d. alment að mæla þannig að menn reyktu svo og svo mörgum pípu-um á leiðinni.

ar, öður og ær. "Hugsid bara um það, að þið og konurnar okkar og börnin, eru nú allslaus og á nástrái, fyrir aðgerðir þessa svins. — Þessa Louis. Til að fullnægja hegómadyrd sinni þarf hann að sýna list sína, hræða svo alla hjörðina og gera að engu alt strit okkar með að nálgast hana. Annað eins er meira en smærði: Það er óþolandi svirvörðing!"

"Veslings barn mitt," sagði "faðir" Lachase spyrjandi. "Hvernig í ósköpunum var því varið, að þú skyldir gera þig sekan í svo óheyrilegu klaufastykki?"

"Eg veit það ekki 'faðir', — svaraði Louis niðurdreginn, "nema það hafi verið djöfullinn sem freistaði mín!" Eftir litla þögn bætti hann svo við: "Hún Marja Ducharme bað mig um nokkrar arnar-fjaðrir og hvað var svo til ráða? Þetta var fyrsta örnin, sem eg hefði komið auga á!"

"Á já! — æptu kerlingarar sem á heyrðu. "Svo það var ókinnin hún Marja litla, með talnaböndin öll, allar fjaðrirnar og alt skrautið sér til þrýðis! Svo það var hún sem gerði strákinn truflaðann og gerði hann að önyttjungi. — að illræmdum fíðuspilara eins og hún er sjálf. Skammist hún sín, kettan sú!"

Ávitanastormurinn frá kerlingunum, sem áður buldi á Louis, buldi nú allur á veslings Marju litlu og létu nú konurnar engu minna en áður, er þær í bræði sinni þannig fengu nýtt skotmerki Marja heyrði til kvennvarganna og grét-sáran í einrúmi. Hún var svo ólánsöm að vera falleg stúlka og var því svo von orðin, að "systur" hennar á öllum aldri höfðu ást, eða hatur á henni, alt eftir því sem á stóð, eftir því hvert aðrar í hópnun í það og það skiftið töldust jafnfallagar eða ekki. Þegar þess þá er getið, að allur fjöldi hinna stúlkanna hafði alt annað en fríðleik sér til ágætis, er auðráðið að hatríð mátti meira en ástin í brjósti "systuranna". Louis þoldi ekki að heyra ástmei sína ausna óverðskulduðum hrakryrðum og gerði þessvegna öfluga tilraun til að verja hana. Var hann þá stórörður nokkuð, því hann var hálfreiður orðinn, en það kom sér allra hluta verst fyrir hann sjálfan. Veiðimennirnir sem litit sem ekkert höfðu upp úr veiði sinni, voru í þessu að þyrpast heim að búðum. Þeir heyrðu hann stæla sig fram- an í kvenfólkið og misskilnað hann svo, — álitu að hann með hroka og sjálfbýrgingshætti væri að réttlæta gerðir sínar.

Innan fárra stunda voru vissir menn kvaddir í dómnefnd, til að rannsaka og dæma mál sakamannsins. Louis kvaðst ekki kera sig um rannsókn og bar ekki fram hina allra minstu vörn.

"Eg kæri mið ekki um að verja mig," sagði hann er rannsóknarrétturinn var settur. "Það sem hér er um að gera, er bara eitt heimskupar mit tenn, sem engum finst meira um en sjálfum mér. Gerið við mig það sem ykkur sýnist. Eg verðskulda hegningu og er viljugur til að taka hana út."

Dómurinn var, að Louis skyldi barinn tuttugu og fimm högg með knýttri öl og gerður rækur úr flokknum. Og þessum dómi var fullnægt undir eins og hann var kveðinn upp. Það kvað við annan tón hjá konunum þegar farið var að húðstrykja "önyttjunginn." Alt til þessa höfðu þær verið öllum heitfræknari, en nú fóru þær að gráta, að hrína hver í kapp við aðra og biðja um væð, en sem ekki var til neins. Louis brá ekki hið minsta og ekki hreyfði hann sig heldur, þegar svipuhögginn dundu á herðum hans og baki, en á eftir, þegar börnin þyrptust að honum til að kveðja hann með kossum og tárur, þá gagnaði hann, — grét þá brennandi tárur eins og þau.

"Adieu", elsku litlu vinirni mínir," sagði hann: "líði ykkur vel. Biðjið guð að hjálpa mér. Og þið eldra fólkið, gleymið sekt minni. Um meira bið eg ekki. Gef mér blessun þína "faðir", — sagði hann svo við prestinn og kraup augnablik á kné frammi fyrir honum og beygði höfuð sitt. Svo rétti hann sig upp, gekk að hesti sínum, er stóð söðlaður í grendinni, kastaði sér á bak og hleyppti á harðspreti burt frá búðunum.

Hinn úthrákti auðnuleysingi beindi hesti sínum í norðvesturátt. Það var fyrirætlan hans, að fara norðvestur sem fugl flýgur og linna ekki fyrir — en hann náði til bygðarinnar í norður-Saskatchewan-dalnum í grend við kaupþúnið Edmonton. Það var ekki hætt við að hann viltist. Hann þekti hverja slóð, hverja öld, hverja dæld á sléttueinum framundan og hvarvetna umhverfis, ekki síður en íbúar bæjanna þekktu strætin, sem þverskera hvert annað. Bak hans var sárt og þungur sviðaverkur í því efri högginn, en þó var sá sviði og sá verkur ekkert í samandurði við sviðann og verkin og sárindin hið innra. Allar hans andlegu taugar, smáar og stórar, sviðu svo, að hann hafði ekki viðþol, af þessari smán, sem á hann hafði verið hláðið. Þar sem slyssasaga sú yrði heyrum kunn, þar yrði honum ekki vært. Hann ásetti sér því að leita sér að héli í einhverjum afspektasta króknum í öllum þessum afsketa geim norðvesturlandsins, í þeirri von, að þangað fréttist hrakfarsaga hans aldrei. Þar ætlaði hann svo að grafa sig í flokki ókunnugra manna.

Á þriðja degi nálgast hann Wascana-lækin. (Þar sem stjórnsætur norðvesturhéradanna nú stendur — Regina —) og tók hann þegar eftir því, að á lækjarbakkanum stóðu þrjú húðtjöld Indíána. Þegar hann nálgast, tóku tveir sohnir rakkar til að gelta og spangóla ámatlega, en engan reyktu hann leggja upp af tjöldunum og ekkert lífsmark var sýnilegt að hundahrejunum undanteknum.

Niðurlag.